

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík, 31. mars 2021
UST202004-291/F.T.
08.14.02

Málslok

Þann 16. nóvember 2017 fór Umhverfisstofnun í eftirlit á móttökustað fyrir úrgang í landi Lækjamóta í Árborg. Í eftirlitinu var skráð frávík frá lögum.

Frávikið var eftirfarandi:

- Frávík frá 6. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 14. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. **Ekki var í gildi starfsleyfi fyrir úrgang í landi Lækjamóta í Árborg, þar sem úrgangi var fargað.**

Í framhaldi af eftirlitinu, fór Umhverfisstofnun fram á að urðunarstaðnum yrði lokað og móttöku úrgangs hætt. Með bréfi dags. 23. ágúst 2018 upplýsti landeigandi að lokað hefði verið fyrir móttöku úrgangs á svæðinu. Nánari upplýsingar um málsatvik má finna í bréfum stofnunarinnar frá þeim tíma.

Þann 24. janúar 2019 fór Umhverfisstofnun fram á að sveitarfélagið Árborg skilaði til stofnunarinnar áætlun um frágang og vöktun svæðisins. Ítrekað var að sveitarfélagið þyrfti að skila framangreindri áætlun, m.a. var haldinn fundur um málið þann 9. maí 2019 og var sveitarfélaginu þá aftur sendar leiðbeiningar um gerð slíkra áætlana. Í bréfi dags. 28. júní 2019 fór stofnunin fram á að hún yrði upplýst um framgang vinnu við áætlunina. Þann 11. júlí 2019 bárust stofnuninni þær upplýsingar að vinna við áætlunina væri vel á veg komin.

Þann 19. ágúst 2019 sendi EFLA verkfræðistofa fyrir hönd Sveitafélagsins Árborgar Umhverfisstofnun lokunaráætlun fyrir urðunarstað sveitafélagsins í landi Lækjarmóta. Í bréfi stofnunarinnar dags. 10. október 2019 kom fram að stofnunin hefði unnið drög að fyrirmælum um frágang og vöktun á grundvelli áætlunar sveitafélagsins sem væru meðfylgjandi bréfinu og var sveitarfélaginu gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna fyrir 10. nóvember 2019.

Í bréfinu dags. 10. október 2019 fór stofnunin einnig fram á að sveitarfélagið legði fram fjárhagslega tryggingu skv. 17. gr. rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs en þar kemur fram að rekstraraðili skuli leggja fram fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð er gilda skuli í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað. Samkvæmt 17. gr. reglugerðarinnar er ábyrgðaryfirlýsing sveitafélags fullnægjandi trygging og voru gefnar leiðbeiningar í bréfinu hvernig sveitarfélagið skyldi bera sig að, væri sú leið farin.

Þann 17. september 2020 samþykkti bæjarstjórn Árborgar ábyrgðaryfirlýsingu, sbr. 17. gr. rg. 738/2003, hvað varðar frágang og vöktun urðunarstaðsins við Lækjamót á 27. fundi sínum, sbr. bókun nr. 19 í fundargerð.

Þann 20. október 2020 gaf Umhverfisstofnun Árborg fyrirmæli um lokunaraðgerðir, vöktun og umsjón, eða svokölluð lokunarfyrirmæli, með urðunarstaðnum að Lækjarmótum, með landeignarnúmerið L166196, sbr. 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Umhverfisstofnun lét þinglýsa fyrirmælunum á viðkomandi landeign sem voru þinglýst af sýslumanninum á Suðurlandi dags. 28. október 2020.

Í ljósi þess að gefin hafa verið út lokunarfyrirmæli sem og að ábyrgðartrygging vegna urðunarstaðarins hafa borist stofnuninni, telst frávikinu lokið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 1.584.000 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur